

## Leiðbeiningar um útfyllingu á skýrslu um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða – fyrri hluta.

**Reiturinn „Dagsetning skýrslu“:** hér skal taka fram hvaða dag skýrslan var unnin, hér er ekki verið að óska eftir uppgjörsdagsetningu, enda er sérreitur fyrir hana.

Í skýrslu fyrir fjárfestingarsjóði er óskað eftir upplýsingum um hvaða heimildir 54. gr. sjóðnum er heimilt að nota. Aðeins skal merkja „já“ við þá töluliði sem sjóðnum er heimilt að nota skv. reglum hans.

### Spurningar 1 - 8 eiga eingöngu við fjárfestingarsjóði:

#### Spurning 1:

**Hefur heildarfjárfesting í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum farið yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðsins á tímabilinu?**

Ef sjóðurinn nýtir heimildir 1. tl. 54. gr. þá ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn fjárfesti umfram skilgreindar heimildir í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Ef sjóðurinn nýtir ekki framangreinda heimild þá ber að svara „á ekki við“.

#### Spurning 2:

**Hvaða % mörk hefur sjóðurinn skv. reglum sínum varðandi fjárfestingar í óskráðum verðbréfum (allt að 10% sbr. heimildir verðbréfasjóða eða meira)? (svarið með tölu á bilinu 0-100).**

Þessari spurningu ber ávallt að svara, ef sjóður hefur ekki heimild skv. 2. tl. 54. gr. þá ber að rita töluna 10 (þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta allt að 10% í óskráðum verðbréfum). Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 2. tl. 54. gr. þá ber að taka fram hversu hátt hlutfall óskráð verðbréf mega vera af eignasafni sjóðsins samkvæmt reglum hans.

#### Spurning 3:

**Hefur sjóðurinn/deildin fjárfest í óskráðum verðbréfum á tímabilinu umfram skilgreindar heimildir í reglum sjóðsins skv. 2. tl. 54. gr.?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 2. tl. 54. gr. ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn fjárfesti umfram skilgreindar heimildir í óskráðum verðbréfum. Ef sjóðurinn hefur ekki heimild skv. 2. tl. 54. gr. ber að svara „á ekki við“.

#### Spurning 4:

**a) Hefur sjóðurinn/deildin bundið meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum sama útgefanda á tímabilinu?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 3. tl. 54. gr. ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ skal rita greinargerð þar sem fram koma ástæður þess að sjóðurinn hefur fjárfest umfram 20% í sama útgefanda. Þetta á sérstaklega við ef fjárfesting var meiri

en 20% í fleiri en einum útgefanda. Ef sjóðurinn hefur ekki heimild skv. 3. tl. 54. gr. ber að svara „á ekki við“.

**b) Hefur sjóðurinn/deildin bundið meira en 35% af eignum sínum í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningmarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé slík fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 3. tl. 54. gr. ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn fjárfesti umfram 35% í sama útgefanda. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Ef sjóðurinn hefur ekki heimild skv. 3. tl. 54. gr. ber að svara „á ekki við“.

**Spurning 5:**

**Fjárfesti sjóðurinn/deildin umfram 20% af eignum í einstökum verðbréfasjóð eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu á tímabilinu?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 4. tl. 54. gr. þá ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn fjárfesti umfram 20% í einstaka sjóði. Hafi sjóðurinn ekki heimild skv. 4. tl. 54. gr. ber að svara „á ekki við“.

**Spurning 6:**

**Hefur sjóðurinn/deildin veitt lán eða ábyrgð?**

Þessari spurningu ber að svara „já“ eða „nei“ óháð því hvort sjóðurinn hafi heimild skv. 5. tl. 54. gr. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn hafi veitt lán eða gengist í ábyrgð fyrir annan aðila.

**Spurning 7:**

**Hefur sjóðurinn/deildin tekið lán sem nemur meiru en 25% af verðmæti eigna sjóðsins?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 5. tl. 54. gr. þá ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn tók lán umfram heimildir. Ef sjóðurinn hefur ekki heimild skv. 5. tl. 65. gr. þá ber að svara „á ekki við“.

**Spurning 8:**

**a) Hefur sjóðurinn/deildin selt óskráð verðbréf sem ekki voru í eigu hans á þeim tíma sem salan átti sér stað?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 6. tl. 54. gr. þá ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og taka fram hvaða fjármálagerningar voru seldir. Ef sjóðurinn hefur ekki heimild skv. 6. tl. 54. gr. þá ber að svara „á ekki við“.

**b) Hefur metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður á ekki numið meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins?**

Ef sjóðurinn hefur heimild skv. 6. tl. 54. gr. þá ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð um ástæður þess að hámarkstap nam meira en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins.

Ef sjóðurinn hefur ekki heimild skv. 6. tl. 54. gr. þá ber að svara „á ekki við“.

Eftirfarandi spurningar eiga bæði við verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, ef um verðbréfasjóð er að ræða þá skal ávallt svara spurningunum með „já“ eða „nei“:

**Spurning 9:**

**Hefur sjóðurinn/deildin bundið fé sitt í öðrum fjármálagerningum og innlánnum en heimilt er í lagagreinininni á skýrslutímabilinu?**

Þessari spurningu eiga allir sjóðir að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Hér er verið að spyrja um tegund fjárfestingar, ekki hámark í einum útgefanda. Ef sjóður fjárfestir t.d. í innlánnum sem eru bundin lengur en 12 mánuði ber að taka það fram hér og útskýra af hverju var ráðist í slíka fjárfestingu.

Ef fjárfestingarsjóður hefur heimild skv. 1. tl. 54. gr. er honum heimilt að fjárfesta í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Ef fjárfestingarsjóður hefur heimild skv. 1. tl. 54. gr. og hann hefur fjárfest í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum ber að svara spurningunni „já“, einnig ef sjóðurinn hefur fjárfest í öðrum fjármálagerningum en leyfilegt er skv. 30. gr. laganna. Ekki er heimilt að nota valmöguleikann „á ekki við“ í þessari spurningu.

**Spurning 10:**

**Hefur sjóðurinn fjárfest í sjóðum sem fjárfesta meira en 10% í öðrum sjóðum sbr. 3. tl. 30. gr.?**

Verðbréfasjóðir skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum, sé svarið „já“ skal rita greinargerð þar sem tekið er fram um hvaða sjóði er að ræða, ástæður þess að fjárfest var í sjóðnum og til hvaða ráðstafanna hafi verið gripið vegna fjárfestingarinnar. Fjárfestingarsjóðir sem nýta heimildir 1. tl. 54. gr. skulu svara spurningunni með „á ekki við“.

**Spurning 11:**

**Hefur sjóðurinn/deildin bundið fé sitt umfram 10% af eignum í óskráðum verðbréfum eða peningamarkaðsskjöllum?**

Verðbréfasjóðir skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum, sé svarið „já“ skal rita greinargerð um ástæður þess að fjárfest var umfram 10% af eignum í óskráðum verðbréfum og til hvaða ráðstafanna hafi verið gripið vegna þeirra fjárfestinga. Fjárfestingarsjóðir sem nýta heimildir 2. tl. 54. gr. skulu svara spurningunni með „á ekki við“.

**Spurning 12:**

**Hvaða hlutfall af eignum sjóðsins/deildarinnar hefur verið í reiðufé eða auðseljanlegum eignum til skamms tíma, hversu lengi hefur það varað og hvað hefur þetta hlutfall verið hæst á skýrslutímabilinu?**

Hér skal taka fram hvert hlutfall reiðufjár var lægst á tímabilinu, hvert var hlutfallið að meðaltali yfir tímabilið og hvert var hlutfallið lægst á tímabilinu. Bent er á að bera saman fyrri hluta og seinni hluta skýrslunnar og athuga hvort hæsta hlutfall reiðufjár sé lægra skv. fyrri hluta en hlutfall reiðufjár er í lok tímabils skv. seinni hluta skýrslunnar.

**Spurning 13:**

**Hefur sjóðurinn yfirtekið eignir til að tryggja fullnustu kröfu?**

Spurningin segir sig sjálf. Ekki er heimilt að nota valmöguleikann „á ekki við“.

**Spurning 14:**

**Hefur sjóðurinn/deildin fjárfest í eðalmálum eða heimildarskírteinum fyrir þeim?**

Spurningin segir sig sjálf. Ekki er heimilt að nota valmöguleikann „á ekki við“.

**Spurning 15:**

**Vegna afleiðuviðskipta skal rita sérstaka greinargerð sbr. leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2006, kafla IV.**

**3.1.2**

Allir sjóðir skulu svara þessari spurningu óháð því hvort sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum skv. fjárfestingarstefnu. Ef sjóður hefur átt í afleiðuviðskiptum eða er aðili að afleiðusamningi á tímabilinu ber að skrifa greinargerð. Eftirfarandi upplýsingar skulu að lágmarki koma fram:

- Samningsnúmer
- Tegund samnings
- Nafn mótaðila
- Í hvaða mynt(um) samningurinn er gerður
- Samningsupphæð (eða kaupupphæð/söluupphæð)
- Samningsgengi eða vaxtaskilmálar
- Upphafsdagur
- Uppgjörsdagur
- Staða samnings (nettóstaða)
- Hlutfall samnings (m.v. markaðsvirði samnings) af heildareignum sjóðs

Í framangreindri greinargerð skal lista upp alla afleiðusamninga sem viðkomandi sjóður er aðili að á tímabilinu, hvort sem um er að ræða samninga sem gerðir eru vegna varna eða til að framfylgja fjárfestingarstefnu.

Í seinni hluta skýrslunnar skal einungis telja fram þá afleiðusamninga sem viðkomandi sjóður er aðili að í lok tímabils og einungis þá samninga sem gerðir eru til að framfylgja fjárfestingarstefnu. Ekki er hægt að nota neikvæða afleiðusamninga til að lækka hlutfall heildarfjárfestingar í einum útgefanda.

Ef engin afleiðuviðskipti hafa átt sér stað á tímabilinu ber að taka það fram.

**Spurning 16:**

**a) Hefur sjóðurinn/deildin bundið meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og/eða peningamarkaðsskjöllum útgefnum af sama aðila ?**

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 3. tl. 54. gr. skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn batt meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og/eða

peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama aðila. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Fjárfestingarsjóðir sem nýta heimildir 3. tl. 54. gr. skulu svara spurningunni með „já ekki við“

**b) Hefur sjóðurinn/deildin bundið meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis á tímabilinu ?**

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 3. tl. 54. gr. skulu svara spurningunni með „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn batt meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis á tímabilinu. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Fjárfestingarsjóðir sem nýta 3. tl. 54. gr. skulu nota valmöguleikann „já ekki við“

**Spurning 17:**

**Hefur samtala fjárfestinga í verðbréfum í sama útgefanda sem er umfram 5% af eignum sjóðsins verið hærri en 40% af eignum sjóðsins á tímabilinu ?**

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 3. tl. 54. gr. skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að samtala fjárfestinga í verðbréfum sama útgefanda sem var umfram 5% af eignum sjóðsins var hærri en 40% af eignum sjóðsins. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna. Hér skal ekki taka tillit til fjárfestinga sem teljast til „traustra verðbréfa“ og falla undir 37. gr.

Fjárfestingarsjóðir sem nýta 3. tl. 54. gr. skulu nota valmöguleikann „já ekki við“.

**Spurning 18:**

**Hefur heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða farið yfir 20% af eignum sjóðsins á tímabilinu ?**

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 3. tl. 54. gr., skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ skal rita greinargerð og útskýra ástæður þess að framangreindir fjármálagerningar fóru yfir 20% af eignum sjóðsins á tímabilinu. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Fjárfestingarsjóðir sem nýta 3. tl. 54. gr. skulu nota valmöguleikann „já ekki við“.

**Spurning 19:**

**Hefur sjóðurinn/deildin bundið umfram 35% af eignum í verðbréfum og/eða peningamarkaðsskjölum sem hafa verið gefin út eða eru í ábyrgð af; ríkjum eða sveitarfélögum**

**innan EES; alþjóðlegum stofnunum sem ríki/sveitarfélög innan EES eiga aðild að; eða ríkjum utan EES?**

Allir sjóðir skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Sé svarið „já“ skal rita greinargerð og útskýra ástæður þess að fjárfest var umfram 35% í framangreindum verðbréfum. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Nýti sjóður heimildir 37. gr. laganna skal vísa í þá heimild.

**Spurning 20:**

**Hefur samtala eigna sjóðsins/deildarinnar í verðbréfum, peningamarkaðsskjöllum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda verið meiri en 35% af eignum á tímabilinu ?**

Allir sjóðir skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Sé svarið „já“ skal rita greinargerð og útskýra ástæður þess að fjárfest var umfram 35% í framangreindum verðbréfum. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Nýti sjóður heimildir 37. gr. laganna skal vísa í þá heimild.

**Spurning 21:**

**a) Vísitölusjóðir skulu fylla út dálk K í eyðublaðinu "Sundurliðun fjárfestinga" sem sundurliðar hlutfall eigna sjóðsins/deildarinnar og ber saman við hlutföll í speglaðri vísitölu og dregur fram mismun í speglun við vísitölu. Greinargerð skal fylgja ef mismunur er í speglun sem og ástæður mismunarins útskýrðar.**

Ef mismunur er í speglun skulu vísitölusjóðir skila greinargerð þar sem gert er grein fyrir ástæðum þess að mismunur er á vísitölu og sjóðs og til hvaða ráðstafanna sjóðstjóri ætli að grípa til að eyða þessum mismun.

**b) Hefur vægi eins útgefanda verið umfram 35 % af eignum sjóðsins á tímabilinu ?**

Vísitölusjóðir, sem nýta heimildir 36. gr., skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ þá ber að skila greinargerð þar sem gert er grein fyrir ástæðum þess að hlutfall eins útgefanda hafi orðið svo hátt og til hvaða ráðstafanna sjóðstjóri ætli að grípa vegna þessa.

Aðrir sjóðir en vísitölusjóðir skulu svara „á ekki við.“

**c) Hefur vægi fleiri en eins útgefanda verið umfram 20% af eignum sjóðsins á tímabilinu ?**

Vísitölusjóðir skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ þá ber að skila greinargerð þar sem gert er grein fyrir ástæðum þess að hlutfall eins útgefanda hafi orðið svo hátt og til hvaða ráðstafanna sjóðstjóri ætli að grípa vegna þessa.

Aðrir sjóðir en vísitölusjóðir skulu svara „á ekki við.“

**Spurning 22:**

**a) Hversu há í % er heimild sjóðsins/deildarinnar til að fjárfesta samkvæmt 37. gr. ?**

Ef sjóður hefur heimild skv. 37. gr. skal svarað hversu há heimildin er.

Ef sjóður hefur ekki heimild skv. 37. gr. skal svarað „0“

**b) Hversu hátt hlutfall af heimildinni var nýtt á tímabilinu ?**

Ef sjóður hefur heimild skv. 37. gr. skal svarað hversu hátt hlutfall var nýtt á tímabilinu.

Ef sjóður hefur ekki heimild skv. 37. gr. skal svarað „0“

**c) Voru fjárfestingar sjóðsins/deildarinnar í færri en sex mismunandi verðbréfaútgáfum á tímabilinu ?**

Ef sjóður hefur heimild skv. 37. gr. ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að fjárfestingar voru í færri en sex mismunandi verðbréfaútgáfum.

Ef sjóður hefur ekki heimild skv. 37. gr. ber að svara „á ekki við“

**d) Voru fjárfestingar í einni og sömu verðbréfaútgáfu umfram 30% af eignum sjóðsins á tímabilinu?**

Ef sjóður hefur heimild skv. 37. gr. ber að svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að fjárfestingar í einni og sömu verðbréfaútgáfu voru umfram 30% af eignum sjóðsins. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Ef sjóður hefur ekki heimild skv. 37. gr. ber að svara „á ekki við“

**Spurning 23:**

**Fjárfesti sjóðurinn/deildin umfram 20% af eignum í einstökum verðbréfasjóði eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu á tímabilinu?**

Allir sjóðir skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Sé svarið „já“ skal skila greinargerð og útskýra ástæður þess að fjárfest var umfram 20% af eignum í einstökum verðbréfasjóði eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Þá skal taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Ekki er heimilt að nota valmöguleikann „á ekki við“

**Spurning 24:**

**Fjárfesti sjóðurinn/deildin meira en 30% af heildareignum í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum á tímabilinu?**

Verðbréfasjóðir og fjárestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 4. tl. 54. gr. skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð og útskýra ástæður þess að sjóðurinn fjárfesti meira en 30% af heildareignum í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum. Þá ber að taka fram til hvaða ráðstafana sjóðstjóri hyggst grípa til að koma eignasafni sjóðsins undir heimildir laganna.

Fjárfestingarsjóðir sem hafa heimild skv. 4. tl. 54. gr. skulu svara spurningunni með „á ekki við“.

**Spurning 25:**

**Voru eignir sjóðsins/deildarinnar á tímabilinu meira en:**

- i) 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku félagi,
- ii) 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa,
- iii) 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
- iv) 10% af peningamarkaðsskjölum einstakra útgefanda.

Allir sjóðir skulu svara lið i) til iv) með „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef einhverjum lið er svarað með „já“ skal skila greinargerð.

Ekki er heimilt að nota valmöguleikann „á ekki við“

**Spurning 26:**

**Hefur sjóðurinn/deildin tekið skammtímalán sem nemur meiru en 10 % af eignum til að standa straum af innlausnum?**

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 5. tl. 54. gr. skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð um ástæður þess að tekið var lán sem nemur meira en 10% af heildareignum sjóðsins.

Fjárfestingarsjóðir sem nýta heimildir 5. tl. 54. gr. skulu nota valmöguleikann „á ekki við“.

**Spurning 27:**

**Hefur sjóðurinn/deildin selt fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem salan á sér stað?**

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem nýta ekki heimildir 6. tl. 54. gr. skulu svara „já“ eða „nei“ eftir atvikum. Ef svarið er „já“ ber að rita greinargerð þar sem tekið er fram hvaða fjármálagerningar hafa verið seldir og gerð er grein fyrir ástæðum þess að fjármálagerningar sem ekki voru í eigu sjóðsins hafi verið seldir.

Fjárfestingarsjóðir sem nýta heimildir 6. tl. 54. gr. skulu nota valmöguleikann „á ekki við“.